

Komdu sæll Bogi

Með þessu bréfi er brugðist við þeim sjónarmiðum sem fram koma í bréfi stjórnar foreldrafélags Grunnskólans í Borgarnesi til byggðarráðs og byggingarnefndar íþróttamannvirkja í Borgarbyggð, undirritað af formanni félagsins dags. 4. nóvember 2024. Bréfið var lagt fyrir byggðarráð sem á fundi sínum dags. 7. nóvember vísaði til sveitarstjóra að taka saman svör við þeim spurningum sem fram koma.

Skýrt kemur fram í könnunum síðustu ár að bætt aðstaða til íþrótta- og tómstunda er forgangsverkefni meðal íbúa og á því sviði standi Borgarbyggð öðrum sveitarfélögum að baki. (sjá t.d. könnun Gallup á þjónustu sveitarfélaga nóv. 2023 – jan. 2024)

Í takti við vilja íbúa er uppbygging íþróttamannvirkja forgangsverkefni sveitarstjórnar Borgarbyggðar. Um það hefur verið góð samstaða. Markmið, forgangur og tímarammi eru í samræmi við áherslur meirihluta sveitarstjórnar í sveitarstjórnarkosningum 2022. Þær áherslur kveða á um að hefjast handa við að reisa fjölnota íþróttahús, knattús, sem hýsir löglegan hálfan knattspyrnuvöll, aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir og fleiri greinar og tómstundir.

Þetta er ekki ný hugmynd. Kjörtímabilið á undan var að störfum stýrihópur um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja. Unnin var þarfagreining og frumkostnaðarmat á mismunandi mannvirkjum. Þær fólu allar í sér uppbyggingu mannvirkja á núverandi íþróttasvæði, þar á meðal uppbyggingu á knattúsi á núverandi æfingasvæði. Önnur mannvirki sem fengið hafa ítarlega skoðun fela í sér uppbyggingu á núverandi íþróttasvæði, á bílastæði, á nýrri landfyllingu og/eða að hluta inni í Skallagrímssgarði. Þessar hugmyndir voru ræddar á vettvangi sveitarstjórnar, íþróttahreyfingarinnar og íbúa í Borgarbyggð.

Núverandi meirihluti sveitarstjórnar setti knattús framar í forgangsröð heldur en stækkun parkethúss eða gervigrasvöll. Efasemdir voru á tímabili um fýsileika þess að reisa húsið á æfingasvæði íþróttavallarins vegna mikilla jarðvegsskipta og dýpis niður á fast. Það leiddi til þess að skoðuð var staðsetning við Granastaði og Vallarás og var verkfræðistofa fengin til verksins. Í þeirri vinnu kom fram að hús við Granastaði myndi kalla á sambærileg jarðvegsskipti enda myndi húsið standa að hluta ofan á mýri. Fjarlægð frá núverandi íþróttasvæði, skóla og íbúðabyggð leiddi til þess að staðsetning við Vallarás var ekki fýsileg auk þess sem svæðið hefur verið skipulagt sem atvinnusvæði. Það hefur ætíð verið fyrsti kostur sveitarstjórna Borgarbyggðar að styrkja núverandi íþróttasvæði. Þar skiptir mestu máli samnýting með núverandi mannvirkjum, nánd við grunnskólann og að annar betri kostur stendur ekki til boða.

Jarðvegsrannsóknir hafa leitt í ljós að jarðvegsstaurar eru raunhæfur kostur fyrir grundun á húsinu. Slík aðferð er þekkt á Íslandi og hefur verið notuð lengi og í auknum mæli undanfarin ár.

Það ríkir ekki einhugur meðal íbúa um forgangsröðun íþróttamannvirkja í Borgarbyggð, ekki frekar en einhugur ríkti um uppbyggingu íþróttamannvirkja í

Borgarnesi í fortíðinni. Byggðarráð er meðvitað um að húsið mun breyta ásýnd fallegs ípróttasvæðis. Á sínum tíma olli bygging ípróttamiðstöðvar við Þorsteinsgötu miklum deilum og sömuleiðis bygging útisundlaugar og gerð ípróttavallarins á uppfyllingu. Þrátt fyrir það er mikil ánægja með þessi mannvirki í dag og þau mikið notuð. Eins má benda á það að með tilkomu knatthúss/fjölnota ípróttahúss rýmkar um tíma í núverandi ípróttahúsi sem gerir það að verkum að auðveldara verður fyrir þær ípróttagreinar sem ekki eru stundaðar í nýja húsinu að fá úthlutað tíma í eldra húsinu. Þá er einnig gert ráð fyrir að iðkendur fleiri ípróttagreina en boltaíprótt geti nýtt nýja húsið. Framkvæmdin ætti því að vera til bóta fyrir vel flestar ípróttagreinar í Borgarbyggð.

Byggðarráð telur það hins vegar vera skýran vilja meðal íbúa að ekki skuli beðið með að hefja framkvæmdir. Að knatthús á æfingasvæðinu sé þar fyrst á dagskrá ætti ekki að koma á óvart. Ítarleg rannsóknarvinna, skipulags- og umsagnarferli eru að baki og tímabært að hefjast handa. Markmiðið er að bæta aðbúnað barna og ungmenna til ípróttu og tómstunda og færa Borgarbyggð jafnfætis eða framár öðrum sveitarfélögum.

Svör við spurningum

1. Eins og rakið er í inngangi hafa áform um uppbyggingu fjölnota ípróttahúss, knatthúss, á æfingasvæði ípróttavallarins verið til umræðu í mörg ár. Vegna eðlis verkefnisins og til að auka svigrúm íbúa til umsagna ákvað sveitarstjórn 8. maí s.l. að nýta heimild í skipulagslögum og auglýsa vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi svæðisins. Þar kemur vel fram staðsetning fyrirhugaðs húss, áhrif á aðgengi, bílastæði ofl. Sú auglýsing var í loftinu í Skipulagsgátt frá 21. maí til 4. júní sl. og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og bárust 14 umsagnir sem var svarað af starfsfólki og ráðgjöfum Borgarbyggðar. Ópið hús um tillögu að breytingu aðalskipulags og að nýju deiliskipulagi var haldið 19. júní sl. þar sem ráðgjafar, stjórnendur og sérfræðingar sveitarfélagsins og fulltrúar í sveitarstjórn áttu samtalið við íbúa. Í kjölfar samþykktar sveitarstjórnar tók við sex vikna auglýsingatími deiliskipulags og þar bárust 10 umsagnir. Tækifæri íbúa til að koma umsögnum á framfæri hefur staðið frá því í maí. Löngu fyrir þann tíma höfðu íbúar með ýmsum leiðum komið ábendingum á framfæri enda takmarkast samtali sveitarstjórnarfólks við íbúa um skipulagsmál ekki við umsagnarferli í Skipulagsgátt.
2. Íbúakannanir leiða í ljós að íbúar vilja setja uppbyggingu ípróttamannvirkja á oddinn í sveitarfélaginu. Fleiri stór mál eru vinnslu hjá sveitarfélaginu, svo sem endurbygging GBF á Kleppjárnsreykjum, endurskoðun aðalskipulags og nýtt skipulag fyrir Brákarey svo eitthvað sé nefnt. Sveitarstjórnarfolk er kjörið til ákvarðanatöku og fylgir lögum og reglum sem gilda og hefur í verkum sínum hingað sýnt að það vill gefa íbúum rúmt tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri.
3. Leiða má líkum að því að staðsetning knatthúss á núverandi ípróttasvæði sé öruggari og skapi t.d. síður aðstæður þar sem einelti getur þrífist heldur en ef

húsið yrði staðsett annars staðar í Borgarnesi. Það kemur til af nánd við önnur mannvirki, skóla og íþróttastöðu. Mönnun starfa, svo sem við þjálfun, umsjón, eftirlit og gæslu verður mun auðveldari og hagkvæmari á þeim stað heldur en fjarri annarri þjónustu sveitarfélagsins.

Það er vandséð hvernig hægt er að byggja íþróttahús án þess að það varpi skugga. Einelti og vanlíðan barna og ungmenna er samfélagsmein.

Sveitarstjórn telur að nútímalegt hús sem uppfyllir allar öryggiskröfur, eflir börn til samveru, íþrótta og tómstunda sé til þess fallið að bæta virkni og líðan ungmenna og dragi úr líkum á að einelti geti þrífist. Eins og við önnur mannvirki á borð við sundlaug og skóla kemur vel til skoðunar að setja upp myndavélakerfi. Staðsetningin auðveldar eftirlit og gæslu af hálfu starfsmanna sem og foreldrarölt.

4. Með tilkomu upphitaðs fjölnota íþróttahúss, knatthúss mun frístundaaðstaða barna í Borgarbyggð stórbatna allan ársins hring. Þá er stækkun íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi einnig á fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins sem jafnframt verður stórt skref fram á við. Nú standa yfir endurbætur á miðálfu Grunnskólans í Borgarnesi og þegar þeim verður lokið er fyrirsjáanlegt að rými til bæði kennslu og frístunda stækki. Framtíðarstaðsetning frístundar er í skoðun og ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framtíð UMSB-hússins. Varðandi aðstöðu barna til leikja utanhúss þá eru hugmyndir um að hún færist norð-vestanvert við íþróttamiðstöðina og ætti sú aðstaða að vera síst lakari en aðstaðan í dag. Það er ekki handan við hornið að loka körfuboltasvæðinu og verður reynt að halda því opnu eins lengi og hægt er.
5. Þegar framkvæmdum er lokið er akvegurinn/þjónustuvegurinn að knatthúsinu er eingöngu hugsaður fyrir neyðar- og þjónustubíla (lögregla, sjúkrabíll, slökkvilið og akstur hreyfihamlaðra) og þar af leiðandi ekki hugsaður til daglegrar notkunar. Leiðin verður ekki opin bílaumferð í öðrum erindagjörðum.
6. Deiliskipulag fyrir íþróttasvæðið sýnir hvernig það gæti litið út þegar bæði knatthús og stækkun íþróttahúss hafa verið byggð. Meðfylgjandi svari þessu eru þvíðdarteikningar sem voru unnar fyrir opið hús í júní sl. Í greinargerð deiliskipulags má finna upplýsingar um skuggavarp. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir á bílastæðum tengjast að mestmegnis leyti fyrirhugaðri stækkun á parkethúsinu en ekki knatthúsinu, enda er gert ráð fyrir því að stækkun parkethúss lendi þar sem eru núverandi bílastæði.
7. Á meðan að framkvæmdum stendur þarf að skipuleggja sérstaklega þá tímapunkta þar sem mest verður um þungaumferð. Það á t.d. við um steypudaga, eða þegar burðarvirki er flutt. Skoða mætti hvort seta þyrfti upp sérstaka vörslu þá daga þar sem gönguleið skarast á við akstursleið. Almenn verður umferðarhraði á aðkomuvegi tekinn niður í 15 km/klst og gegnumgangandi fundir með verktaka um öryggismál. Sjálft vinnusvæðið er afgirt og einungis aðgengilegt um aðkomuhlið sbr. mynd. Eftir að

framkvæmdum lýkur er ekki gert ráð fyrir akandi umferð að húsinu nema fyrir hreyfihamlaða eða þjónustubifreiðar.

8. Stefnt er að því að gönguleiðir frá Bjössarólo/Englendingavík séu opnar á framkvæmdartíma sbr. mynd að neðan.



9. Áætluð verklok eru í ágúst 2026.
10. Aðalatriðið er að Borgarbyggð er í innviðaskuld þegar kemur að íþróttamannvirkjum. Skuldin er við núverandi íbúa og því er fyrsti valkostur að byggja á svæðinu sem þjónar núverandi íbúum. Hjá Borgarbyggð fer stöðugt fram greining á mögulegri þróun byggðar. Hún birtist m.a. húsnæðisáætlun sem nú er í vinnslu og aðalskipulagsvinnu. Hún kemur einnig fram í fjárfestingum sveitarfélagsins svo sem í uppbyggingu fjölnota íþróttahúss, knatt húss. Það er skoðun byggðarráðs að bygging nýs knatt húss fjarri núverandi íbúðabyggð byggð á bröttum væntingum um þróun byggðar væri lakari valkostur en að byggja húsið þar sem flestir væntanlegir notendur búa, leika, læra og starfa.
11. Nú stendur yfir lokað alútboð vegna byggingar hússins. Fimm umsækjendur hafa verið valdir til þátttöku og líkur útboðinu 28. nóvember. Borgarbyggð væntir þess að tilboð verði í samræmi áætlun og markmið sveitarfélagsins. Ef annað kemur á daginn gæti Borgarbyggð tekið ákvörðun um endurskoðun á verkinu. Endanleg ákvörðun um töku tilboðs er ávallt á hendi sveitarstjórnar.